

Valsárskóli

Vorskýrsla skólaárið 2024-2025



María Aðalsteinsdóttir
20. maí 2025

Inngangur	3
Stefna skólans	4
Starfsþróun og sí- og endurmenntun starfsfólks	5
Iðjupjálfun og tengiliður farsældar í Valsárskóla	7
Foreldrasamstarf í Valsárskóla	10
Helstu tölur	13
Fjöldi nemenda	13
Fjöldi starfsmanna	13
Fjöldi kennsludaga	14
Fjöldi kennslustunda	14
Fjöldi viðburða	15
Rýming skólans, æfingar	16
Fjöldi ferða	17
Tölvubúnaður fyrir nemendur og kennara	18
Innra mat	20
Nám og kennsla	20
Inntak, árangur, metnaður og framfarir	20
Námshættir, námsvitund, sjálfstraust og leiðtogasamfélag	25
Viðburðir og uppbrot	28
Mannauður	30
Starfsánægja, liðsheild, líðan og aðbúnaður á vinnustað	30
Stjórnun og skipulag	32
Stjórnun skólans	32
Skóladagar nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	35
Skólabragur	36
Velferð, virðing, samskipti, menning og liðsheild	36
Umbótastarf í kjölfar innra mats	38
Lokaorð	39

Inngangur

Skólastjóri hóf vinnu 8. ágúst 2024 eftir sumarleyfi og annað starfsfólk mætti til vinnu 13. ágúst. Kennarar hófu vinnuna á tveimur sí- og endurmenntunardögum í Háskólanum á Akureyri. Þar var boðið upp á fjölbreytta fræðslu fyrir kennara á svæðinu og mættu þangað allir kennarar á Akureyri og margir frá nærliggjandi sveitarfélögum. Annað starfsfólk vann að ýmsum verkefnum í skólanum s.s. tiltekt og öðrum undirbúningi.

Þegar allir voru komnir í hús tóku við starfsmannafundir, kennarafundir og undirbúningur fyrir kennslu á skólaárinu. Árlegur fræðsludagur samskólanna var í Þelamerkurskóla. Við fengum góða gesti og var dagurinn gagnlegur eins og áður bæði til að fræðast og mynda tengsl við fagfólk í öðrum skólum.

Skólaárið í Valsárskóla hófst með skólasetningu 21. ágúst 2024. Skólasetning var með hefðbundnum hætti á sal og var ferðasjóður með veitingasölu. Skólanum var slitið 4. júní 2025 með hefðbundnum hætti með samkomu á sal, vitnisburður afhentur, útskrift nemenda úr 10. bekk og veitingasölu ferðasjóðs.

Í þessari skýrslu er farið yfir helstu þætti í skólastarfinu skólaárið 2024-2025 og lögð áhersla á innra mat í Valsárskóla.



Stefna skólans

Valsárskóli leggur áherslu á uppbyggingarstefnu, Byrjendalæsi, læsi fyrir lífið, útiskóla og grenndarkennslu, þemanám og lýðræðisleg vinnubrögð. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í öllum námsgreinum til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Einkunnarorð skólans eru **umhyggja, virðing, metnaður og gleði.**

Stefna skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans

Sjá nánar á: <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/stefnaskolans>

Stefna skólans var endurskoðuð á skólaárinu 2020-2021 og var áhersla þetta skólaárið líkt og á því síðasta að vinna enn markvissar með stefnur skólans, skapa umræðu meðal starfsfólks og foreldra og skerpa á ýmsum þáttum.

Dæmi um það var vinna á reglulegum fundum kennara um uppbyggingarstefnuna, foreldrapping í nóvember 2024 og ýmis verkefni sem bæði kennara og nemenda unnu. Má þar einnig nefna reglulega fundi tengda Byrjendalæsi og læsi fyrir lífið.



Starfspróun og sí- og endurmenntun starfsfólks

Allir starfsmenn tóku þátt í fræðslu með SAM skólunum í Þelamerkurskóla 16. ágúst. Þar var fræðslu frá Áslaugu Melax um einhverfu í skólaumhverfinu og fræðslu frá Chanel Björk um fjölmenningu í íslensku samfélagi með áherslu á að skapa skólaumhverfi þar sem fjölmennung er gert hátt undir höfði. Brugðið var á leik með leikkonunni Margréti Sverrisdóttur sem kenndi okkur og fór með okkur í ýmsa leiki sem nýtast í skólastarfi.

Aðrir starfsdagar í ágúst einkenndust af samvinnu kennara, undirbúningi náms og kennslu, fundum með nýjum starfsmönnum og fleiru. Hér er mynd af dagskrá starfsdaga haustið 2024.

Dagskrá - haust 2024

12. ágúst	13. ágúst	14. ágúst	15. ágúst	16. ágúst
	Starfsdagur 1 Sí- og endurmenntun kennara í HA, aðrir vinna í Valsárskóla	Starfsdagur 2 Sí- og endurmenntun kennara í HA, aðrir vinna í Valsárskóla	Starfsdagur 3 Starfsmannafundur kl. 8:15 Kennarafundur kl. 10:30 eða 12:30 Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu fyrir skólaárið 2023-24	Starfsdagur 4 <u>Samskóladagur</u> í Þelamerkurskóla - allt starfsfólk. Sjá dagskrá hér fyrir neðan:
19. ágúst	20. ágúst	21. ágúst	22. ágúst	23. ágúst
Starfsdagur 5 Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu fyrir skólaárið 2024-25	Starfsdagur 6 Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu fyrir skólaárið 2024-25	Starfsdagur 7 Vínaborg opnar Kennarafundur kl. 8:15-9:15 Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu fyrir skólaárið 2024-25 Skólasetning kl. 16:15 á sal	Haustdagur til 13:00 Námsþópar saman í útiveru.	Haustdagur til 13:00 Allir nemendur í <u>(fjall)göngu</u>

Önnur fræðsla fyrir starfsfólk í vetur var meðal annars skyndihjálp, bæði verkleg og bókleg. Ritunarpáttur kennsluhátta *læsi fyrir lífið*, voru rifjaðir upp með leiðtoga í læsi með fimm fundum á haustönn og einum með sérfræðingi frá MSHA á vorönn. Byrjendalæsis (BL) kennarar og leiðtogar funduðu fjórum sinnum yfir veturinn þar sem unnið var að aðgengilegu skipulagi utan um BL-kennsluáætlanir og vinnulag. Regluleg fræðsla (5 fundir) var um uppbyggingarstefnuna, verkfæri hennar og vinnulag. Kennarar voru duglegir að segja frá verkefnum og vinnu sem þeir unnu með nemendum s.s. bekkjarsáttmálum „mitt“ og „þitt hlutverk“, grunnþarfirnar og fleira. Á 5 vikna tímabili voru vinnufundir þrisvar í viku um uppfærða aðalnámskrá, hæfniviðmið og samfellu námsgreina. Á öllum fundum var skrifuð fundargerð til að halda vel utan um vinnu kennara og hugmyndir.

Kennarar sækja sér einnig endurmenntun á eigin forsendum og eftir áhuga. Fleiri en einn kennari var í formlegu námi í vetur, sem dæmi má nefna leiðtoganám og endurmenntun í byrjendalæsi og hugræna atferlismeðferð (HAM). Tveir starfsmenn tók ART námskeið og margir sóttu sér fræðslu á styttri og lengri námskeið sem mörg voru haldin með fjarbúnaði. Allir kennarar hafa uppfyllt skilyrði um 102 endurmenntunartíma fyrir skólaárið.



Skólastjóri og staðgengill skólastjóra héldu áfram vinnu í HA sem heitir Þróunarstarf á vettvangi - Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi. Námskeiðinu er ætlað að gefa kennurum, stjórnendum og öðrum fagmenntuðum sérfræðingum í menntastofnunum tækifæri til að rannsaka og þróa ýmsar hliðar eigin starfs. Á

námskeiðinu vinna þátttakendur að skilgreindu þróunarverkefni á vettvangi. Flestir skólastjórnendur á svæðinu eru í þessu námi og er samstarfið bæði gefandi og fróðlegt.



Iðjupjálfun og tengiliður farsældar í Valsárskóla

Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir starfar í Valsárskóla og Álfaborg. Sigríður Ingibjörg er iðjupjálfi og starfar sem slík í 80% vinnu og 20% sem tengiliður farsældar. Í iðjupjálfun voru 20 nemendur í einstaklingstímum auk þess hafa 10 nemendur verið í ART þjálfun.

Starf iðjupjálfa hefur nýst vel fyrir nemendur Valsárskóla t.d. með vinnu í félagsfærni einstaka nemenda og hópa. Hlutverk iðjupjálfa í grunnskóla má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi að vinna með nemanda að áhugahvöt hans eða hennar og virkja áhuga og færni sem snúa að námi, vinum og leik. Í öðru lagi að vinna að markmiðum námskrár þ.e. athöfnum, efni og kennsluaðferðum. Í þriðja lagi að skoða umhverfi og aðstæður s.s. í skólastofunni. Viðfangsefni Sigríðar Ingibjargar hafa verið fjölbætt og sem dæmi hefur hún verið að efla skólafærni og þátttöku nemenda og sinna ráðgjöf til kennara og annars skólafólks. Sigríður Ingibjörg situr í nemendaverndarráði og í forvarnarteymi skólans.



Tengiliður starfar í þágu farsældar barna samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem samþykkt voru 2021. Öll börn og foreldrar eiga rétt á greiðu aðgengi að tengilið farsældar í nærumhverfi sínu til að fá þá aðstoð sem við á til að tryggja farsæld barns. Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla er tengiliður starfsmaður heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar í heilbrigðisumdæmi barns. Sama á við ef þörf er á samþættingu þjónustu á meðgöngu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám. Ef það á ekki við er tengiliður starfsmaður félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem barn á lögheimili. Tengiliður skal hafa viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barns. Hann má ekki vera tengdur barni eða foreldrum þess með þeim hætti sem mundi leiða til vanhæfis.

Tengiliður farsældar er:


- starfsmaður í nærþjónustu / grunnþjónustu barns og fjölskyldu þess.
- sá aðili sem styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- sá sem veitir fjölskyldunni upplýsingar um þjónustu, tryggir aðgang að frummati, styður við samþættingu þjónustu allra þjónustuveitenda og fylgir málum eftir á 2. og 3. stig ef þörf er á.

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/farsaeld>

<https://www.farsaeldbarna.is/>

Gaman er að segja frá því að á fundi með sérfræðingum frá BOFS, Barna og fjölskyldustofu, með skólastjórnendum í skólum í nágrenni Akureyrar í september 2024, kom það í ljós að vinna í Valsárskóla og Álfaborg var metin til fyrirmyndar. Höfum við í framhaldinu tekið nokkurs konar forystu í farsæld og staðið fyrir samstarfi og miðlað þekkingu á þessu skólaári.

Á þessu skólaári er 8 nemendur í samþættingu, 6 á fyrsta stig og 2 á öðru stigi. Auk þess eru börn hjá okkur á 3. stigi.



Foreldrasamstarf í Valsárskóla

Við í skólanum viljum vera í góðum samskiptum við foreldra og eru hér að neðan dæmi um viðburði og fasta liði í skólastarfinu sem tengjast því. Við leggjum áherslu á að foreldrar séu alltaf velkomnir í skólann.

Við skólann starfar skólaráð og foreldrafélag. Skólaráð fundar þrisvar á skólaári og er hægt að lesa reglur um starfsemi þess og fundargerðir hér:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/nefndir-og-rad-1/skolarad>

Viðburður/upplýsingar samstarf	Tími	
Skólasetning á sal og veitingasala ferðasjóðs	21. ágúst 2024	Á skóladagatali
Haustfundir, kynning og samræður um nám og kennslu í námshópum með umsjónarkennara og í sumum tilfellum faggreinakennum.	18. september 2024	Árlega í september
Foreldraþing, er haldið til að fá fram sjónarmið og hugmyndir foreldra er varðandi skólastarfið til að þeir geti haft áhrif um ýmis mál er snerta starf skólans. Fyrirkomulagið var þannig að við skiptum fundartímanum niður í nokkur umræðu tímabil og voru fundargestir dregnir í mismunandi hópa í allar umræður. Helstu umræðuefni 2024: • Heimanám • Foreldrasamstarf • Öryggismyndavélar • Félagsstarf • Hvernig standa nemendur í Valsárskóla?	12. nóvember 2024	Árlegur viðburður fjórða árið í röð.

• Farsæld		
Samtalsdagar - nemendastýrð samtöl	17. október 2024 3. mars 2025	Á skóladagatali
Árshátíð Valsárskóla	10. apríl 2024	Á skóladagatali
Skólaslit	4. júní 2025	Á skóladagatali
Föstudagspóstur, frá umsjónarkennara námshópa til foreldra með upplýsingum um nám, kennslu og skólastarfið	Vikulega á starfstíma skólans	Fastur liður
Póstar frá skólastjóra til allra foreldrar er sendir reglulega er varðar allt skólastarfið.	Reglulega frá ágúst til júní	Fastur liður
Heimasíða skólans		Alltaf aðgengilegt
Facebook síða skólans		Alltaf aðgengilegt
Fundur með tilvonandi foreldrum nemenda í 1. bekk haust 2025.	8. maí 2025	Árlegt héðan í frá

Mæting foreldra á haustfundi var eftirfarandi:

- 1. - 2. bekkur frá 91% heimila.
- 3. - 4. bekkur frá 77% heimila.
- 5. - 6. bekkur frá 75% heimila.
- 7. - 8. bekkur frá 67% heimila.
- 9. - 10. bekkur frá 54% heimila.

Góð mæting var á árlegt foreldraþing sem tókst einstaklega vel bæði m.t.t. skipulags og umræðna. Hér eru helstu niðurstöður foreldra eftir umræður á foreldraþingi.

Þátttaka foreldra	Almenn ánægja var með fyrirkomulagið í skólanum á foreldrasamstarfi. Töluverð umræða um bekkjarfulltrúar foreldra sem stæðu t.d. fyrir viðburðum fyrir nemendur og foreldra. Niðurstaðan var að umsjónarkennara setji á dagskrá að foreldrar velji bekkjafulltrúa á haustfundi.
Kosti og gallar við fámenna skóla	Flestir töldu að kostirnir væru mun fleiri en gallarnir. Foreldrarnir töldu að það væri jákvætt að vinna stundum þvert á hóp til að halda félagslegum

	tengslum. Jákvætt er hvað allir þekkjast vel og hvað nemendur eru öruggir í skólanum.
Nám og kennsla	Töluvert rætt um viðmiðunarstundatöflu og list- og verkgreinar. Foreldrar á þinginu er jákvæðir út í list- og verkgreinar og vilja jafnvel efla þær. Rætt hvort við gætum komið upp vali t.d. fyrir 5. - 6. bekk. Mikilvægt að hafa jafnvægi á milli hópavinnu og einstaklingsvinnu.
Skólapúls	Töluvert rætt um sjálfsmynd nemenda í fámennum skólum og væntingar foreldra til náms.
Námsmat	Góð ábending kom, sem við höfum rætt áður, að setja stutta umsögn við þau hæfnimarkmið sem nemendur ná ekki í lotum. Það myndi geta gefið foreldrum betri hugmynd um hvað það er sem vantar uppá og þarf að þjálfá betur.

Helstu tölur

Fjöldi nemenda

Skólaárið 2024-2025 voru 62 nemendur í skólanum þegar mest var. Nemendum var kennt í 5 námshópum þar sem samkennsla er milli árganga. Hér er yfirlit yfir fjölda í námshópum.

Nemendur	Fjöldi
1.- 2. bekkur	11
3. - 4. bekkur	14
5. - 6. bekkur	8
7. - 8. bekkur	16
9. - 10. bekkur	13
Samtals	62

Hægt er að sjá upplýsingar um samkennslu í Valsárskóla:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/serstada>

Fjöldi starfsmanna

Við Valsárskóla starfa ellefu kennarar, þar af er einn skólastjóri. Þrír kennarar eru í hlutastörfum. Fjölgun kennara hefur gefið okkur færi á að taka upp markvissari sérkennslu, ÍSAT kennslu og fleira nemendum til hagsbóta.

Auk kennara starfa við skólann fjórir stuðningsfulltrúar í hlutastarfi og þrír skólaliðar. Tveir þeirra eru í hlutastarfi og sá þriðji er einnig umsjónarmaður Vinaborgar. Í mötuneyti starfa tveir starfsmenn og er mötuneytið samrekið með leikskólanum Álfaborg. Hjúkrunarfræðingur kemur um það bil tvisvar í mánuði frá HSN og sinnir heilsuvernd skólabarna.

Nánari upplýsingar á eftirfarandi slóðum:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/starfsfolk>

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/thjonusta/skolahjukrun>



Fjöldi kennsludaga

Kennsludagar í Valsárskóla eru 180 eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Þetta skólaárið féll einn dagur niður vegna veðurs og var það fimmtudaginn 6. febrúar. Þann dag var rauð veðurviðvörðun gefni út fyrir landsvæðið og SBA taldi skynsamlegt að senda ekki skólabíl af stað í þær aðstæður. Skólabíll var sendur heim einni klukkustund fyrr fimmtudaginn 7. nóvember. Þá var appelsínugul veðurviðvörðun í gangi og spáð miklu roki þegar leið á daginn.

Fjöldi kennslustunda

Vikulegur kennslustundafjöldi er 20 kennslustundir í 1. - 4. bekk og 24 kennslustundir í 5. - 10. bekk. Allar kennslustundir eru 60 mínútur. Þannig má reikna út að hver nemandi í 1. - 4. bekk fer í 720 kennslustundir á skólaárinu og hver nemandi í 5. - 10. bekk sækir 864 kennslustundir. Nemendur í 7. - 10. bekk eru með 4 klst á viku í vali. Sjá nánar á:



Fjöldi viðburða

Skólastarfið er ekki eingöngu kennslustundir og eru margskonar viðburðir fastir liðir í skólastarfinu. Dæmi um það eru haustdagur, vordagur, hrekkjavökuhátið, dagur íslenskar tungu, fullveldisdagurinn, samskóladagur, skíðadagur, jólapema, litlu jólin, árshátið, Safnasafnsdagurinn og fleira. Flestir þessir dagar eru undirbúnir með þátttöku nemenda og er undirbúningur fyrir árshátið fyrirferðamestur og tekur oftast nokkrar vikur. Allir nemendur tóku þátt í Ólympíuhlaupinu 4. september 2024.



Rýming skólans, æfingar

Við höldum tvær rýmingaræfingar á skólaárinu og gengu þær vel. Fyrri æfingin var undirbúin og var 2. október. Sú seinni var óundirbúin og án vitundar starfsfólks og nemenda. Hún var haldin 2. maí og tók aðeins rúmar tvær mínútur að rýma og ganga úr skugga um að allir væru á sínum stað sem er mjög vel gert.



Fjöldi ferða

Nemendur fóru í nokkrar ferðir bæði í minni hópum og með öllum skólanum.

Á haustdögum var lögð áhersla á hreyfingu, fræðslu um náttúru og umhverfið, auk samveru. Fyrri daginn fóru eldri nemendur í Kjarnaskóg. Þar var farið í ýmsa leiki auk frjáls tíma í skóginum. Yngri nemendur unnu á stöðvum í nágrenni skólans þar sem t.d. var tálgað, farið í leiki og bakaðar lummur yfir eldstæði uppi í Reit. Árleg fjallganga á útivistardegi með allan nemendahópinn féll niður þetta haustið vegna leiðindaveðurs langt framtíðar hausti.

Allir fóru í skíðaferð í Hlíðarfjall 19. mars.



Við fengum gesti frá svokölluðum SAM skólum sem eru Grenivíkurskóli, Þelamerkurskóli og Stórutjarnaskóli. Allir unglingarnir komu til okkar 25. september 2024. Okkar nemendur fóru í Þelamerkurskóla 8. október 2024. Auk þess fóru okkar nemendur til Grenivíkur 6. maí og að Stórutjörnum 22. maí.

Nemendur í 7.-10. bekkur fóru einnig í árlega ferð á Lauga en skólinn hefur síðustu ár boðið nemendum úr nágrannaskólum á íþróttadag og kynningu á skólanum. Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í heimsókn í VMA og MA í skólakynningu auk þess sem þeir fóru í Starfamessu í Háskólann á Akureyri í mars 2025.

Nemendur í 1. - 4. bekk fóru á skauta í boði Skautafélags Akureyrar tvisvar, annars vegar í lok janúar og hins vegar byrjun febrúar.

Nemendur í 5. og 6. bekk fóru í ferð til að sækja jólatré fyrir skólann og þau fóru einnig í ferð á Hælið til að fræðast um sögu berklanna. Eldri nemendur fóru á Listasafnið á Akureyri og unnu þar ýmis verkefni og margt fleira var gert sem ekki verður talið hér upp.

Nemendur í 5. og 6. bekk hafa allt skólaárið unnið að alþjóðlegu Erasmus verkefni. Sigrún Rósa umsjónarkennari fór til Frakklands ásamt þremur öðrum Íslendingum og vann með kennurum og listamönnum að undirbúningi verkefnisins. Verkefnið er samvinnuverkefni fjögurra landa þ.e. Íslands, Tyrklands, Þýskalands og Spánar og fékk verkefnið heitið *Green Tales*. Nemendur frá öllum löndunum semja sögur og vinna að teiknimyndum bæði út frá eigin handriti og svo handriti frá öðru landi. Teiknimyndirnar eru líka tal- og hljóðsettar af nemendum og svo er búin til ein teiknimynd með sögum frá öllum löndunum og verður hún sýnd opinberlega. Megin tilgangur verkefnisins er að fræða nemendur um; vatn, jörð, loft og eld og tengja þau og notkun þeirra við daglegt líf á jörðinni í dag og bera saman við líf nokkurra jafnaldra á öðrum stöðum í heiminum.



Tölvubúnaður fyrir nemendur og kennara

Allir kennarar eru með nýlega fartölvur og á þessu skólaári keyptum við sjónvörp í stað skjávarpa í tvær kennslustofur til viðbótar. Þannig getum við varpað efni til náms og kennslu í snjallsjónvörp í nánast öllum stofum. Nú hafa allir nemendur í 5. - 10. bekk Croombook vél til afnota allan skóladaginn. Þær vélar eru geymdar í tveimur hleðsluskápum og bera nemendur ábyrgð á „sinni“ vél.

Yngri nemendur hafa til afnota PC vélar og Croombook vélar samtals 20 vélar. Skólinn á 15 nýlega iPada og 5 eldri iPada. Við skiluðum 15 leiguvélum og keyptum þess í stað 15 nýjar Croombook vélar.



Innra mat

Innra mat er virkt í skólanum og eru sumir þættir metnir árlega en aðrir reglulega, sjá mynd hér að neðan. Þar sést í þessari skýrslu að sjö þættir eru metnir vorið 2025. Áætlunin er tilbúin til ársins 2028 og er hún unnið út frá matlista MMS og skólastefna sveitarfélagsins samþætt matinu og eru áherslupættir sveitarfélagsins feitletraðir.


Viðfangsefni				
Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Inntak, árangur, metnaður og framfarir	x			x
Skipulag náms og námsumhverfi, umhverfi og heimabyggð		x		
Fjölbreyttir kennsluhættir og gæði kennslu			x	
Námshættir, námsvitund, sjálfstraust og leiðtogasamfélag	x			
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda				x
Skóli án aðgreiningar og fjölbreytt samfélag		x		
Viðburðir og uppbrot	x			
Mannauður				
Fagmennska starfsfólks og samstarf		x		x
Starfsánægja, líðsheild, líðan og aðbúnaður á vinnustað	x		x	
Stjórnun og skipulag				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans	x			
Faglegt samstarf				
Skólaþróun og starfsþróun			x	
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x			x
Skólabragur				
Viðmót, virðing, samskipti, menning og líðsheild		x		x
Velferð, velliðan, heilsuefning, umhyggja, gleði og líðan nemenda	x			
Samstarf og virkni heimila og skóla		x		
Innra mat				
Framkvæmd innra mats	x		x	
Umbótastarf / kjölfar innra mats		x		x

Nám og kennsla

Inntak, árangur, metnaður og framfarir

Skólagátt MMS Menntamálastofnun heldur utan um árangur í lestri í grunnskólum á Íslandi. Þrisvar á ári eru nemendur prófaðir og myndast þannig lesferill. Lesferill er heiti á matstæki sem unnið var af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að Lesferill spanni frá 6 til 16 ára aldurs. Ekki er enn búið að taka alla þætti lesferils í gagnið hjá MMS.



Hér fyrir neðan er mynd úr Skólagátt sem sýnir meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum vorið 2025 í Valsárskóla. Þar sést að 8 árgangar eru í eða yfir landsmeðaltali.







Námsmat nemenda er skráð reglulega inn í Mentor og er þar aðgengilegt bæði nemendum og foreldrum auk þess sem námsárangur er ræddur á samtalsdögum með foreldrum. Skólinn leggur áherslu á leiðsagnarmat og hugarfar vaxtar þannig að nemendur fái leiðsögn jafnt og þétt við nám sitt. Við skólaslit fá allir nemendur í 5.-10. bekk vitnisburðarblað með lokamati og umsögn og nemendur í 1.-4. bekk fá umsagnir.

Nemendur í 6. - 10. bekk svara Skólápúlси árlega og er meðal annars hægt að draga ályktanir af svörum þeirra um metnað og áhuga á námi. Á svörum þeirra við Skólápúlси má sjá að nemendur í Valsárskóla segjast hafa meiri áhuga á lestri en gengur og gerist í samanburði við aðra skóla og sá áhugi hefur aukist undanfarin ár. Áhugi á stærðfræði er meiri í Valsárskóla en í öðrum skólum og hefur verið það flest undanfarin ár. Áhuga á náttúrufræði hefur hrakað. Nemendur okkar er virkir í kennslustundum og trú á eigin námsgetu og trú á eigin vinnubrögðum hefur aukist. Enn og aftur kemur fram að nemendur okkar hafa ekki næga þrautseigju en hún er þó á uppleið. Það er trú okkar að meiri jákvæðni gagnvart eigin vinnubrögðum og námsgetu skili sér í meiri þrautseigju gagnvart námi.




Hér fyrir neðan eru myndir sem sýna svör nemenda um ofantalin atriði.





Annað hvert ár svara foreldrar könnunni Skólapúls og þeir spurðir um trú þeirra á námi og kennslu í skólanum. Samkvæmt svörum foreldra þá meta þeir nám nemenda í Valsárrskóla gott og eru svörin tölfraeðilega marktæk skólanum í vil.

Annað hvert ár svarar starfsfólk könnun Skólapúls og er meðal annars spurt um stuðning við kennara vegna nemenda við námserfiðleika. Svör við þeirri spurningu kom mjög jákvætt út í samanburði við svör kennara á Íslandi almennt.



Þegar dregnar eru saman niðurstöður úr fjórum áttum þ.e. upplýsingar um lesferil, svör nemenda við spurningum Skólapúls, svör foreldra við spurningum Skólapúls og svör kennara úr Skólapúlsi er tilefni til að vera jákvæður er varðar matsþáttinn er snýr að árangri nemenda, metnaði og framförum.

Á næsta skólaári verður tekið upp samræmt námsmat í íslensku og stærðfræði eftir nokkurt hlé. Samræmda námsmatið verður lagt fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk í mars 2026 ef áætlanir MMA ganga eftir. Þá verður hægt að draga ályktanir í samanburði við aðra skóla á Íslandi er varðar þá afmörkuðu þætti sem þar eru prófaðir.

Um miðjan maí 2025 tók Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri út Byrjendalæsiskenndu í 1. - 4. bekk í Valsárskóla. Kennsluhættir kennara á yngsta stigi skólans uppfylla skilyrði Byrjendalæsis og fengum

við vottað að Valsárskóli er Byrjendalæsissskóli. Þessari úttekt fylgir heimild til að setja merki Byrjendalæsis á heimasíðu skólans.








Jákvæðir þætti í skólastarfinu	
• Jákvætt viðhorf foreldra til náms og kennslu	
• Áhugi nemenda á lestri og stærðfræði	
• Aukin trú á eigin getu í námi og virkni nemenda í kennslustundum	

Tækifæri til úrbóta	
• Að efla áhuga á náttúrufræði sem oftast áður hefur komið vel út	
• Að efla þrautseigju nemenda gagnvart námi	

Námshættir, námsvitund, sjálfstraust og leiðtogasamfélag

Námsvitund nemenda hefur eflst ef marka má svör nemenda við Skólapúlssi þar sem trúa þeirra á eigin vinnubrögðu hefur aukist og trúa þeirra á eigin getu í námi. Auk þess eru nemendur virkir í kennslustundum. Virkni nemenda í kennslustundum hefur í mörg ár verið góð í Valsárskóla.



5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,4	29	-0,5	4,9	5.289	-0,5
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	3,4	29	-0,6	4,5	5.271	-1,1*
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	70,4%	19/27	-7,4%	73,3%	3743/5076	-2,9%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	35,7%	10/28	1,1%	55,1%	2756/5042	-19,4%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	64,0%	16/25	9,5%	76,9%	3129/4178	-12,9%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	24,0%	6/25	-12,4%	13,6%	607/4178	10,4%

Svör foreldra við Skólapulsi sýna að foreldrar barna í Valsárskóla verja ekki miklum tíma við að aðstoða börnin við heimanám. Hér fyrir ofan er yfirlitsmynd sem sýnir hvernig foreldrar svara spurningum er snúa að heimastuðningi er varðar nám.

Á skólaárinu voru haldin fimm skólaping þar sem ýmis mál voru borin upp af nemendum og starfsfólki. Dæmi um mál sem voru samþykkt á skólapingi var að breyta aldursskiptingu hópa á fótboltavellinum, að halda ART fund um opnun á íþróttasalnum, að taka tillit til þeirra sem eru að leika sér í íþróttasalnum þannig að enginn meiðis og að ganga betur um skólann. Ekki var samþykkt að allir aldurshópar gætu notað fótboltavöllin í frímínútum á sama tíma.

Nemendaráð er starfandi í skólanum og fundaði það reglulega. Nemendaráð hélt fund með öllum nemendum í matsal Valsárskóla í lok apríl 2025. Nemendaráð stóð fyrir því að keypt var klakavél fyrir unglingan sem eru á Bakka og að búa til skipulag vegna tiltektar á Bakka. Auk þess lagði nemendaráð til ýmsa uppbrotsdaga s.s. sparifata- og náttfatadag og sparimorgunmat. Hér er hægt að lesa meira um nemendaráðs Valsárskóla á heimasíðu skólans: <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/nefndir-og-rad-1/nemendrad>

Leiðtogaþjálfun var tíu sinnum á skólaárin og þar velja nemendur sér verkefni sem þeir bjóða upp á. Leiðtogar kynna sín verkefni í hvert skipti og stjórna þeim. Aðrir nemendur mæta og taka þátt í mismunandi verkefnum að eigin vali.

Undanfarin ár höfum við staðið fyrir nemendastýrðum foreldrasamtölum sem eru til þess gerð að efla ábyrgð nemenda á eigin námi. Auk þess leggjum við áherslu á leiðsagnarmat og leiðsagnarnám.

Nemendur hafa mörg hlutverk í skipulagi viðburða s.s. fyrsta desember hátíð, árshátíð, páskabingó og hafa því mörg tækifæri til að koma að viðburðum og einnig að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Tveir nemendur eru í skólaráði og sækja fundi sem skólaráð heldur þrisvar á hverju skólaári.

Skólaping, leiðtogaþjálfun, nemendaráð, skólaráð og virkni nemenda í skólastarfinu benda til þess að lýðræðisleg vinnubrögð þátttaka og ábyrgð nemenda sé gert hátt undir höfði í

Valsárskóla. Það má draga þá ályktun að efla megi námshætti og námsvitund í skólanum. Auk þess þarf að efla þrautseigju nemenda í námi.

Jákvæðir þætti í skólastarfinu	
• Nemendur virkir í skólaráði	
• Virkt nemendaráð	
• Skólaþing	

Tækifæri til úrbóta	
• Efla þrautseigju nemenda í námi	
• Efla foreldra er varðar nám	

Viðburðir og uppbrot

Eins og fram kom í kaflanum um fjölda viðburða eru þeir fjölmargir í skólaárinu. Flestir viðburðir er metnir á kennarar- og/eða starfsmannafundum. Markmiðið með matinu er að gera betur næst og virkja nemendur, kennara og annað starfsfólk. Hér er dæmi um hvernig kennarar mátu uppbrotsdaga í desember, annars vegar fyrsta desember hátíð og hins vegar jólapema daga.

• það sem gekk vel • hvað þarf að laga/breyta/bæta	
Fyrsta des hátíð	Hvað gekk vel: Gekk almennt vel að við teljum, nokkuð smurð vél. Gekk vel. rólegt og þægilegt Hvað þarf að laga/breyta/bæta: Einhver þarf að sjá um skipulag í göngunni í kringum <u>tréið</u> Ekki heyrðist nógu vel í undirspili, spurning um að nota bara stóran hátalara Nei skipulag virkar vel. Gott að nemendur skili þeim hlutum sem þeir fá lánaða <u>annarsstaðar</u> og umsjónarkennari <u>haldi</u> betur utan um sinn hóp
18. og 19. desember	Hvað gekk vel: Almennt gekk vel, sjónrænt skipulag hjá þeim sem þurfa hjálpaði mikið. Skipulagið gekk vel upp, góðir dagar hjá all flestum. Gott að Sigga var "laus" og greip þá sem voru lausir í forminu og var búin að undirbúa nokkra. Margar stöðvar og fáir á stöð Hvað þarf að laga/breyta/bæta: Skipulagið mætti koma sólarhring fyrr til þess að geta undirbúið nemendur enn betur. Huga að því að stöðvar taka mis langan tíma, hvernig er hægt að samræma álag/undirbúning f. kennara þennan dag. Gott að hafa ekki of marga í einu og flottar og fjölbreyttar stöðvar

Það hefur komið fram hjá nemendum að þeir eru nokkuð vanafastir og vilja hafa ákveðna viðburði eins milli ára. Nemendur eru t.d. mjög á móti því að breyta skipulagi á vorhátíð og litlu jólum. Þannig að ákveðin uppbrot í skólastarfinu er meðvitað haft eins ár eftir ár.

Jákvæðir þætti í skólastarfinu	
• Ákveðnar hefðir s.s. litlu jól og vorhátíð	
• Viðburðir metnir reglulega af kennurum og starfsfólki	



Tækifæri til úrbóta	
• Spurning um að hafa þemaviku og meiri samþættingu/samstarf milli nemendahópa í lengri eða styttri tíma.	




Mannauður

Í Valsárskóla starfa 11 kennarar í mismunandi stöðuhlutfalli, 4 stuðningsfulltrúar, 3 skólaliðar, 2 í sameiginlegu mötuneyti skólans og leikskólans. Auk þess koma að starfsemi skólans 6 tónlistarkennarar frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar, hjúkrunarfræðingur frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og iðjupjálfi sem gegnir auk þess stöðu tengiliðs farsældar fyrir báða skólanna. Umsjónarmaður fasteigna fyrir sveitarfélagi er að hluta til starfsmaður skólans og því má segja að starfsfólk sem kemur að skólastarfinu sé nálægt þrjátíu. Þá er ekki talið með sérfræðingar sem koma reglulega í skólann frá fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar og talmeinafræðingur.

Starfsánægja, liðsheild, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Starfsfólk Valsárskóla svarar annað hvert ár Skólapúlssi og svöruðu 17 starfsmenn könnunni í mars 2025. Niðurstöðurnar eru bornar saman við svör starfsfólks í öðrum grunnskólum á Íslandi og sum svör eru borin saman við svör starfsfólks á Norðurlöndunum (græn lína). Samkvæmt svörum starfsfólks þá er skýrleiki hlutverka gott, ekki er ágreiningur um hlutverk og fólk telur sig hafa leikni í starfi. Starfsfólk er skuldbundið vinnustaðnum og kennarar hafa trú á eigin getu.








Jákvæðir þætti í skólastarfinu	
Faglegur stuðningur við kennara	
Góður starfsandi, samstaða og stuðningur við starfsfólk.	

Tækifæri til úrbóta	
Meiri samvinna og samráð um kennslu	
Einhverjum finnst mismunandi framkoma gagnvart starfsfólki vegna aldurs eða kyns.	


Stjórnun og skipulag

Stjórnun skólans

Samkvæmt svörum starfsfólks við spurningum í Skólapúls fá kennarar faglegan stuðning frá skólastjóra í Valsárskóla. Almenn ánægja er er almennt með stjórnun grunnskóla á Íslandi samkvæmt svörum foreldra og eru foreldrar í Valsárskóla einnig ánægðir.



Allt starfsfólk Valsárskóla fór í starfsmannasamtöl á árinu eins og síðustu ár. Hér fyrir neðan er skjáskot af eyðublaði sem notað var og allt starfsfólk fékk til að undirbúa sig fyrir samtalið. Aðeins dró úr mati starfsmanna á gagnsemi starfsmannasamtala á þessu skólaári og verður fyrirkomulagið endurskoðað m.t.t. þess.



Skólastjóri fór í innlit til allra kennara í kennslustundir í lok október og byrjun nóvember 2024 og aftur í mars 2025. Í báðum tilfellum voru notaðir ákveðnir lista/eyðublöð til að ramma af hverju hann fylgdist með í hvort skipti. Í fyrra innliti var hugað að upphafi kennslustundar og virkni nemenda. Í seinna innliti var hugað að aðstæðum í skólastofunni s.s tíma- og bekkjarstjórnun. Í framhaldi var endurgjöf skólastjóra til kennara einstaklingslega og umræður hvernig kennarar settu upp kennslustundirnar og hvað mætti betur fara. Hér fyrir neðan eru skjáskot af eyðublaði sem skólastjóri notaði vegna innlita.

Nafn:

Dagsetning:

1. Hvernig líður þér í starfi?

2. Hverjar eru þínar velstu hlíðar í starfi og hvernig stuðning viltu og/eda samstarf?

3. Hvernig finnst þér starfsandinn í skólanum vera og hvað leggur þú að mörkum til að halda uppi góðum starfsanda?

4. Hvaða hugmyndir leggur þú til varðandi skipulag smæra skólans sem gettu fitt undir samvinnu kennara og hægt væri að sjá til að eða náms og kennslu í skólastarfinum? Hættir þú áhuga á aukinni samvinnu um nám og kennslu?

5. Langar þig að takaþátt í við nýjar ískoranir í skólastarfinum s.s. að vera í forystu fyrir teymi eða leiðtogi með ákveðin verkefni s.s. uppbyggingsmennt, tækni í skólastarfi, uppbyggisgætt, læsi, stærðfræði, þema, námsmat eða einhverju þróunarverkefni.

6. Viltu breytingu á þínu starfi s.s. að fyllja öðrum bekkjum, kenna aðrar námsgreina og/eda valgreinar.

7. Ertu þú með tillögu um breytingar sem getur eitt öðru í faglegu starfi s.s. samvinnu, teymi, skipulag o.s. frv.

AÐRIR EN KENNARAR

Skvæði: 1= langt undir meðhalla 2= undir meðhalla 3= í meðhalla 4= yfir meðhalla 5= langt yfir meðhalla

	1	2	3	4	5	Staf starfsmanns og yfirmanns á frammistöðu Hvað þarf að bæta?
Starfskunnadna						
Þekking og færni						
Samvirksemi/ástandur						
Þjónustulund gagnvart nemendum og foreldrum						
Framkoma/viðmót						
Samstarfsfærni						
Sveigjanleiki						
Framkvæði						
Snyrtimennska/umgengi						
Stundvísir						
Tímaður og skuldbinding við starf						

KENNARAR

Skvæði: 1= langt undir meðhalla 2= undir meðhalla 3= í meðhalla 4= yfir meðhalla 5= langt yfir meðhalla

	1	2	3	4	5	Staf starfsmanns og yfirmanns á frammistöðu Hvað þarf að bæta?
Hvernig tekst þér að sjána fagmennsku í daglegum starfum?						
Hversu mikið ádragji veitir starf þér?						
Hvernig eru samkipti og tengsl þín við nemendur?						
Hvað leggurdu þig mikið fram við að aflaga námsfnið nemendum?						
Hversu góð eru samkipti þín við aðra starfsmenn skólans?						
Hversu vel gengur þér í samkiptum við foreldra?						
Hversu dugleg/ur ertu að sækja þér nýja þekkingu með endurskoðun/mat á eigin kennsluháttum í huga?						
Hversu mikið finnst þér starfsfólk fí tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku sem varða skólastarfið?						
Hversu mikið finnst þér álagið á þig vera?						
Hæfnisbúnað nám: hversu vel gengur þér að starfa sko. þeirri nálgun?						
Hversu vel gengur þér að starfa með nemendum að leiðsagnarmati (leiðbeina nemendum á námatímanum svo þeir geti lært af matinu jafnvel, ekki lokamat)						

Svör starfsfólks og innlit skólastjóra í kennslustundir benda til þess að áhersla sé á fagmennsku í Valsárskóla. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara er metinn mikill. Samráð um kennslu er minna en gerist og gengur og það sama gildir um samvinnu um kennslu. Starfsandi er metinn góður og hann tölfræðilega betri en gerist og gengur á Íslandi og á Norðurlöndunum. Ánægja með vinnuaðstöðu er á sama hátt metin góð. Starfsmenn eru ánægðir með stuðning frá samstarfsfólki og má draga þá ályktun af ofantöldu að mats þátturinn er snýr að starfsánægju, líðan, aðbúnaði og samstöðu sé nokkuð jákvæður. Samkvæmt svörum stafsfolk er ekki einelti eða kynferðislegaréiti á vinnustaðnum. Starfsfólk upplifir að stjórnenda sé umhugað um velferð þess og heilsu. Fram kom að tveimur starfsmönnum finnst stundum mismunandi framkoma gagnvart starfsfólki eftir kyni og einum mismunandi framkoma eftir aldri.

Jákvæðir þætti í skólastarfinu	
Faglegur stuðningur við kennara.	
Ánægja foreldra með stjórnun skólans.	

Tækifæri til úrbóta	
Stuðla að meiri samvinnu um kennslu og undirbúning kennslu.	
Að endurskoða starfsmannasamtöl m.t.t. gagnsemi	

Skóladagar nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Skóladagar nemenda eru settir upp í samræmi við viðmiðunarstundatöflu og námskrá. Stundatöflur eru gerðar með það í huga að hafa bæði bóklega og verklega tíma daglega hjá sem flestum hópum. Nemendur fá hlé til þess að borða, leika sér og fara út. Skólanámskrá er í sífelldri endurskoðun og er sýnileg á heimasíðu skólans. Námsvísar eru fyrirferðamestir en auk þeirra eru þar ýmsar áætlanir og upplýsingar um skipulag í skólanum. Hér er hægt að skoða námskrá Valsárskóla sem samanstendur að upplýsingum um námsmat, sérstöðu skólans, skólareglum, hvernig stuðningi er háttað, skimunum, reglur um snjalltæki, upplýsingar um samstarf heimila og skóla, stundatöflur námshópa og heimanám í skólanum. Hægt er að skoða á heimasíðu skólans <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid>

Starfsáætlun er árlega unnin í ágúst til september. Hún er borin undir skólaráð og lögð fyrir skólanefnd sem staðfestir hana. Starfsáætlun er unnin skv. lögum um grunnskóla og er aðgengileg á heimsíðu skólans. Hægt er að sjá hana hér:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/aaetlanir/starfsaaetlanir-namskrar>

Allar áætlanir voru yfirfarnar árið 2021 og eru þær sýnilegar á heimasíðu skólans, sjá nánar hér:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/aaetlanir>

Við erum smám saman að koma okkur upp fleiri verklagsreglum t.d. með vinnu teyma og fleira sem kemur fram í starfsmannahandbók Valsárskóla.







Jákvæðir þætti í skólastarfinu	
Allt mat á skólanum og áætlanir eru sýnilegar á heimasíðu skólans.	
Starfsáætlun og innra mat er borið undir skólaráð og staðfesta að skólanefnd.	


Tækifæri til úrbóta	
Stuðla að meiri samvinnu um kennslu og undirbúning kennslu.	

Skólabragur

Velferð, virðing, samskipti, menning og liðsheild

Samkvæmt svörum nemenda er samsömun þeirra við nemendahópinn minni en annars staðar. Það er stúlkur í Valsárskóla sem svara spurningum um þennan þátt á frekar neikvæðan hátt. Nemendur meta samband sitt við kennara gott. Foreldrar eru ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur. Mikil ánægja er með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda. Foreldrar á Íslandi er almennt mjög ánægðir hvernig nemendum líður í skólanum á Íslandi en eru foreldrar í Valsárskóla ekki alveg eins ánægðir þar sem Valsárskóli fer aðeins undir 90% línuna. Það kemur í ljós að foreldrar nemenda í 5. - 7. bekk upplifa líðan sinna barna verri en foreldrar barna í 1. - 4. bekk og í 8. - 10. bekk.





Jákvæðir þætti í skólastarfinu	
Gott samband nemenda og kennara.	
Góð samskipti nemenda við starfsfólk.	

Tækifæri til úrbóta	
Að efla liðsheild hjá nemendum og bæta líðan stúlkna sérstaklega í 5. - 7. bekk.	



Umbótastarf í kjölfar innra mats

Samantekt er eftir hvern matsþátt og dregin fram tækifæri til úrbótar í skólastafinu. Flestir þættir frá 2024 eru komnir í framkvæmd og allt frá ytra mati árið 2021. Margt hefur nú þegar skilað árangri. Má þar nefna að nú hefur verið tekið ákveðnar á ofbeldi meðal nemenda og hefur dregið úr því. Meiri ánægja er með dönskukennslu og hefur trú nemenda á eigin getu aukist samkvæmt svörum þeirra. Unnið verður áfram með þá þætti sem þarf að bæta úr á næsta skólaári. Einnig verður áfram stutt við það sem dregið var fram sem jákvæðir þættir í skólastarfinu.



Lokaorð

Við í Valsárskóla er ánægð með samvinnu við skólasamfélagið, foreldra nemendur, skólaráð og skólanefnd. Það er einnig gott að finna velvild sveitarstjórnar, sveitarstjóra og foreldra. Við hlökkum til að halda áfram að vinna með öllum þeim sem koma að skólanum. Skólaárið 2024-2025 var farsælt og erum við stolt og glöð að útskrifa nemendur úr 10. bekk og taka á móti nýjum og eldri nemendum í haust.

